

NÓNHORNSVATN, Ísafirði

Bráðabirgðaskýrsla. Nú gefst ekki svigrúm til að ganga endanlega frá skilagrein um athuganir mínar við Nónhornsvatn dagana 28. júlí til og með 2. ágúst 1954. Öllu vatni var hleypt úr Nónhornsvatni í smá gusum og kyrrð haldið á vatnshæðinni þess á milli, leka-vatnslindarnar mældar stöðugt á fjórum yfirfallsstíflum, svo að samband fékkst milli vatnshæðar Nónhornsvatns og lekans. Í stuttu máli. Mest dró úr lekanum er vatnsborðið lækkaði um efstu tvo metrana. Rennslið minnkaði þá yfir 50% af því sem það var við hæstu vatnsstöðu, þótt heildar fall frá vatnsborði Nónhornsvatns að lindunum væri um 15 m. Veður var hagstætt meðan á athugunum stóð, þurrt og kalt. Að athugunum loknum sat ég fund með Sverri Guðmundssyni, formanni rafveitunefndar, Jóni Gestssyni stöðvarstjóra og Jóni Jónssyni verkstjóra. Ég var spurður hvaða niðurstöður hefðu komið fram og hvað væri helzt til ráða að stöðva ótætislekann.

Ég skýrði lauslega frá því hvernig rennslið breyttist með vatnshæðinni. Þær niðurstöður ^{varu} mjög í samfæmi við athuganir Jóns Jónssonar, verkstjóra, er hann gerði fyrir einu eða tveim árum.

Ekki vildi ég ráðleggja þeim Ísfirðingum að setja leir í vatnsbotninn, en ég vildi heldur ekki draga úr því að þeir gerðu það, ef þeir hefðu hug á að gera þá tilraun.

En ef þeir hyggðu á framkvæmdir þar að lútandi þá setti ég fram ákveðnar tillögur hvernig þeir skyldu haga verkinu.

Þannig hagar til, að í vatnið að norðvestan fellur lækur, sem myndað hefur grjótt-deltu. Hæsta vatnsstaða nær örlítið upp fyrir efstu mörk deltunnar. Norðan við deltuna er melkambur.

Leir hefur verið borinn á melinn fram undirbrún til að þétta hann, og á einum stað (neðarlega) örlítið inn á deltuna sjálfa. Deltan er nálægt einum hektara að flatarmáli. Hún er hriplek, eins og venja er með áreyrar. Þess vegna er ekki ráðlegt að gera tilraun til að þétta hana, því að gagnslaust er að þekja einhvern hluta hennar með vatnsþéttu efni, vatn mun streyma inn til hliðanna t.d. um jaðarinn að framan, sem er nálægt $1\frac{1}{2}$ m á hæð. Deltan er kúpt og á mörkum hennar og melkambsins er ^{læst} ~~lægt~~ frá austri til vesturs. Þarna tel ég rétt að jarðýta grafi niður meðfram deltunni. Jarðýtun mun þá spyrna mölinni inn á deltuna, þ.e.a.s. ýta uppgreftrinum til suðurs. Rétt er að komast svo langt niður sem vélin getur unnið. Að því loknu yrði svo vatnsþéttum leir ekið í skurðinn og jaðar melkambsins einnig þakinn og ruðningnum að endingu ýtt yfir á ný.

Ég mældi fyrir þessum skurði og setti Jón Gestsson inn í þessa tilhögun þarna á staðnum. Efstu mörkin (þar sem byrjað yrði) ^{er} ~~er~~ við vörðu á rauðleitu klapparhorni norðan lækjarins. Þaðan mundi svo skurðurinn liggja til austurs að grjóthrúgu nokkurra stórra steina, er sveigjast svo lítið eitt til hægri. Heildar skýrsla ásamt teikningum væntanleg síðar.

Reykjavík, 7. ágúst 1954

Sigurj. Þist